

Samþykkt um meðferð starfsumsóknna

Vestmannaeyjabær og stofnanir hans eru ekki bundin af áskilnaði umsækjenda um störf hjá Vestmannaeyjabæ um nafnleynd gagnvart almenningi og gildi um það svo felldar reglur um aðgang almennings að upplýsingum um umsækjendur um stöður hjá Vestmannaeyjabæ

1. gr.

Reglur þessar taka til Vestmannaeyjabæjar og stofnana bæjarins og stofnana og fyrirtækja sem eru að meirihluta í eigu bæjarins og gilda um allar stöður hjá bæjarfélaginu, sem auglýstar eru lausar til umsóknar.

2. gr.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfs- eða stöðuheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

3. gr.

Ef umsækjandi bindur umsókn sína skilyrði um nafnleynd, skal þegar í stað gera hlutaðeigandi umsækjanda viðvart um að Vestmannaeyjabær verður ekki af því bundinn.

Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 10. September 2008